

## AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar  
á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

*Fífuhammsland – vesturhluti, Iðalind 2, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 21. febrúar 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Iðalind 2. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hnoðraholt – Smalaholt, Þorrasalir 33, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 6. mars 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Þorrasali 33. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 2. apríl 2008.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2008